



Sjúkrakostnaður innanlands

Skilmáli nr. ST11

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ST11.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini gengur framar skilmálum. Skírteini og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Hvort sem þú ert að flytja lögheimili þitt til landsins eða koma tímabundið vegna vinnu eða náms þá verndar **sjúkrakostnaðartrygging innanlands** þig í þrjá mánuði þar til þú nýtur verndar Sjúkratrygginga Íslands.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt undir rafrænum skjólum á vis.is.

1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggður er sá einstaklingur sem nefndur er í skírteini.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

3. Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- 3.1 Tryggingin gildir í þrjá mánuði¹ frá því að tryggður uppfyllir annað eftirtalinna skilyrða:
- a) Hefur fengið útgefið dvalarleyfi.
 - b) Er íslenskur ríkisborgari sem hefur skráð lögheimili sitt á Íslandi.
- 3.2 Ef dvalarleyfi tryggðs á Íslandi er afturkallað á ábyrgðartímanum fellur tryggingin úr gildi á þeim degi sem afturköllunin tekur gildi. Tryggingin fellur einnig úr gildi ef tryggður flyst af landi brott.
- 3.3 Tryggingin endurnýjast ekki.

4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir eftirfarandi sjúkrakostnað sem fellur til á Íslandi í samræmi við viðeigandi lagaákvæði um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og er í engum tilvikum viðtækari:
- a) Kostnað við sjúkrahúsvist að ráði læknis og kostnað vegna almennrar og sérhæfðar þjónustu sem veitt er á sjúkrahúsum, án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða², þó ekki á heilsuhælum nema vegna afleiðinga sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni eftir að tryggingin tók gildi eða slyss sem varð á tryggingartímabilinu.
 - b) Kostnað við almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa³, þó ekki kostnað vegna bóluþetninga.
 - c) Kostnað við nauðsynlegar rannsóknir og meðferð hjá sérgreinalæknum.⁴
 - d) Kostnað við lyf sem tryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, auk annars nauðsynlegs lyfjakostnaðar.⁵
 - e) Kostnað vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis til tryggða og flutningskostnaðar tryggða á sjúkrahús.⁶
 - f) Kostnað vegna hjúkrunar í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða slysa sem eru innan bótasviðs tryggingarinnar, enda komi heimalega í stað sjúkrahúsvistar.⁷

Tryggingin er **fyrir þá sem ekki njóta sjúkratrygginga** skv. 10. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Útlendingastofnun veitir dvalarleyfi á Íslandi. Þegar dvalarleyfi hefur verið veitt er einstaklingur kominn með kennitölu og hefur verið skráður inn í landið.

¹ Sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

² Sbr. 18. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

³ Sbr. 17. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

⁴ Sbr. 19. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

⁵ Sbr. 25. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

⁶ Sbr. 30. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

⁷ Sbr. 18. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.



5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tryggingin bætir ekki kostnað:

- Vegna dvalar á fæðingarstofnunum.
- Sem tryggður á rétt á úr opinberum sjúkratryggingum á Íslandi eða erlendis.
- Vegna slyss sem hefur orðið áður en trygging tók gildi.
- Vegna sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en tryggingin tók gildi.
- Vegna tannlækninga eða lýtalækninga, nema um sé að ræða nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Sem verður vegna meðgöngu, fæðingarhjálpur eða sjúkdóma sem rekja má til meðgöngu eða fósturláts.
- Vegna sjúkdóms sem rót á að rekja til neyslu áfengis og ávana- og fíkniefna.
- Vegna slysa sem verða í ryskingum eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- Vegna slysa sem verða í keppni eða við æfingu til undirbúnings fyrir keppni í hverskonar íþróttum. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Þessi takmörkun á ekki við um almenningsspáttöku í keppni eða æfingum í golfi, götuhjólreiðum, þríþraut, víðavangs- eða götuhlaupi.
- Vegna slysa sem verða í bardaga-, glímu- eða sjálfsvarnaríþróttum.
- Vegna slysa sem verða í akstursíþróttum.
- Vegna slysa sem verða í bjargsígi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
- Vegna slysa sem verða í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
- Vegna slysa sem verða í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
- Vegna slysa sem verða í loftbelgs-, svífvængja-, dreka-, svíf-, fisvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
- Vegna slysa sem verða í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.

5.2 VÍS greiðir ekki bætur vegna tjóns eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Tryggingarfjárhæð

6.1 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini tryggingarinnar og takmarkast heildarbætur á tímabilinu við þá fjárhæð.

7. Eigin áhætta

7.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem tilgreind er í skírteini tryggingarinnar. Eigin áhættan tekur til samanlagðs sjúkrakostnaðar sem fellur undir trygginguna á tryggingartímabilinu.

8. Ákvörðun bóta

8.1 Bætur eru greiddar í samræmi við viðeigandi ákvæði laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Tryggingin er ekki í neinum tilvikum víðtækari en lögin kveða á um.

8.2 Kostnaðarreikningar umfram viðmiðunargjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands eru ekki greiddir úr tryggingunni.

Hægt er að óska eftir að **tryggja sérstaklega** áhættu samkvæmt liðum i – n gr. 5.1.

Það sem fram kemur á hægri spássú er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.